

gang-ur *kk – hestur*
[-s, -ar]

– þetta var langur og dimmur gangur

‡ gangr • ganga (so), ganga (kv), gangstétt, tilgangur, algengur

grípa *so sb-1 – grípa*
[greip, gripum, gripið]

– markmaðurinn greip boltann

‡

heima *ao*

– ég verð heima í kvöld

‡ • heimili, heimsókn, heimsækja, heimilisfang; heimur

líða *so sb-1 – grípa*
[leið, liðum, liðið]

– tíminn var svo fljótur að líða

‡ • liðinn

karl *kk – hestur 0*
[-s, -ar]

– kemur karlinn líka?

‡ • karlmaður « kona, kerling

erlend-ur *lo – gular*
[-, erlent; -ari, -astur]

– hér eru margir erlendir ferðamenn

‡/örlendir • land, lenda, erlendis » útlendur

frekar *ao*

– ég vil frekar rauða peysu en bláa

‡ • frekur » heldur

lang-a *so vb-a – kalla*
[-aði]

– mig langar í ís á eftir

‡ • langur, langt » ætla, vilja, nenna

nenn-a *so vb-i – heyra*
[-ti]

– ég nenni ekki á fætur

‡ » langa, vilja, ætla

skemmt-a *so vb-i – heyra*
[-i]

– ég skemmti mér vel í gær

‡ skemta • skemmtilegur, skemmtun

klapp-a *so vb-a – kalla*
[-aði]

– það var mikið klappað eftir sýninguna
– hún klappaði hundinum

‡

hætt-a *kv – stofa*
[-u, -ur; [ef.ft] -na]

– mikil hætta er á snjóflóðum á veturna

‡ • hætta (so), hættulegur, óhættur

safn *hk – hús Ö*
[-s, söfn]

– eigum við að fara á safn?

‡

hverfi *hk – hús*
[-s, -]

– ég hef alltaf búið í sama hverfi

‡/hvarf

ætting-i *kk – tími*
[-ja, -jar]

– áttu ættingja í Ameríku?

‡/áttungr • ætt, ættaður

frábær *lo – gular R*
[-, -t; -ari, -astur]

– við fengum frábærar móttökur

‡ frábærr/frábæriligr/frábærigr • frá, bera